



Sumarfréttablað 2018

Landvarðafélag Íslands

The Ranger Association of Iceland

Stjórn 2018-2019

Aðalfundur félagsins fór fram þann 9.apríl á Restaurant Reykjavík. Almenn aðalfundarstörf fóru fram ásamt umræðum frá fundargestum og kosning í stjórn. Á fundinum voru tveir nýir aðilar kosnir í stjórn þau Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir og Jakob Axel Axelsson. Áfram sitja þau Þórey Anna Matthíasdóttir, Sævar Þór Halldórsson og Stefanía Ragnarsdóttir sem var kosin formaður til eins árs. Ný stjórn hefur fundað í apríl og maí en ekki er fundað yfir sumartímenn vegna anna hjá landvörðum.

Nánar um núverandi stjórn og nefndir hér

Ný stjórn vill þakka Lindu Björk Hallgrímsdóttur fráfarandi formanni og Evu Dögg Einarisdóttur gjaldkera fyrir óeigingjarnt og mikið starf fyrir félagið undanfarin ár. Linda hefur starfað í stjórn félagsins síðan 2010 og verið formaður þess frá 2013-2018 en Linda starfar núna sem sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi og situr í alþjóðanefnd. Eva Dögg kom inn í stjórn árið 2013 en hún starfar sem landvörður á Þingvöllum og er þessa stundina í fæðingarorlofi.

Frá formanni

Kæru landverðir!

Stefanía heiti ég og hef verið landvörður í Skaftafelli og Nýjadal en ég tók landvarðarréttindi árið 2012 hjá Umhverfisstofnun.

Ég hef starfað sem meðstjórnandi í stjórn síðan 2016 og er spennt að starfa sem formaður til eins árs og fylgja á eftir ýmsum verkefnum eins og stefnumótun félagsins sem við í stjórninni settum saman en þar tók ég að mér verkefni eins og kynningarmál félagsins.

Það er mér því sönn ánægja að ný heimasíða sé komin upp og einnig höfum við uppfært merkið og annað kynningarefni er í vinnslu í kjölfarið. Markmiðið með þessari vinnu er að einfalda vinnu stjórnar og gera félagið sýnilegra enda ljóst að umhverfi landvarða hefur tekið umbreytingum síðustu ár með auknum fjölda ferðamanna og við viljum bregðast við því og standa vörð um landvarðastarfið.

Ég hlakka til að byrja funda reglulega í haust og halda áfram að vinna að málefnum landvarða með frábærri stjórn og nefndum!

Kær kveðja
Stefanía Ragnarsdóttir



Sumarið

Alþjóðdagur

Landverðir fögnuðu alþjóðadegi landvarða 31. júlí, en haldið er upp á daginn á hvert og voru starfstöðvar víða um landið með göngur og aðra viðburði í tilefni dagsins. Þessi dagur er haldinn hátíðlegur til að fagna störfum landvarða um allan heim sem leggja sig alla fram við að vernda náttúru- og menningarleg verðmæti heimsins. Einnig til að minnast þeirra mörgu landvarða sem hafa látist eða slasast við skyldustörf. En árið 2017 létust 128 Landverðir við störf víðsvegar um heiminn. Flestir þeirra eru frá Indlandi, Afríku og Asíu þar sem landverðir eiga m.a. í stríði við veiðihjófa og skógarhöggsmenn.

MYLLUMERKI

Við hvöttum landverði og þáttakendur að taka myndir í fræðslugöngum og merkja þær með myllumerkjunum #worldrangerday #landverdir#landvarðaverk og við tókum okkur leyfi að birta brot af þeim myndum á næstu síðu.

Dagbókin

Árleg dagbók landvarða lagði af stað upp á Fjallabak í byrjun sumars. Dagbókin hélt vonandi halda áfram og stoppaði á landvörslustöðvum víðsvegar um landið. Í hana geta landverðir skráð hvaðeina sem þeim dettur í hug til að deila reynslu af sínum svæðum. Rítarar hafa frjálssar hendur varðandi innihald og form færsla og hvert senda skal hana áfram (þó vonandi með það í huga að hún komist sem víðast). Stjórnin hlakkar til að sjá hvaða listrænu hæfileikar leynast hjá meðlimum félagsins.

Við biðjum landverði að koma bókinni aftur til stjórnar landvarðafélagsins í lok sumars svo verðut innihaldi hennar verður deilt með meðlimum félagsins á einhvern hátt.





Habba Ævars
31 July at 16:57 ·
Í dag er alþjóðadagur landvarða.
Ég er stoltur landvörður og stend
með landvörðum um heim allan!




Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Við biðjum landverði að koma bókinni aftur til stjórnar landvarðafélagsins í lok sumars svo verðut innihaldi hennar verður deilt með meðlimum félagsins á einhvern hátt.



Jakobaxxel
•
Pingvellir, Arnessysla, Iceland



Sigurdur Erlingsson
31 July at 19:32 ·
Í dag er alþjóðadagur landvarða þar sem fræðsla fer fram um störf landvarða og þeirra minnst sem fallið hafa við skyldustörf. Í dag er ég búinn að vera að: Bilanagreina bíl, losa stíflu í niðurfalli, veita upplýsingar um flokkanir og ástand fjallvega innan þjóðgarðs, þrifa nýju moltugerðarsalernin við Vikraborgir og fara með 22 manns í fræðslugöngu þar sem eitt stoppið var fræðsla um hvað þau salerni leggja fram til náttúruverndar.
Ekkert af þessum störfum í dag var lífshættulegt en á síðustu 12 mánuðum hafa a.m.k. 118 landverðir látið lífið eða verið myrtir. Hér er hægt að styrkja landvörslu og landverði þar sem veruleg þörf er á fjármagni.

Samfélagsmiðlar

Landvarðafélagið reynir að vera virkt á samfélagsmiðlum og höldum við úti Facebook síðu og Instragram aðgangi:

[Instagram](#)
[Facebook](#)

Við hvetjum landverði að nota myllumerkin:

#landverdir og #landvardarverk. Til að sýna fjölbreytt störf landvarða. Eins og flestir landverðir þekkja of vel þá geta myndir á samfélagsmiðlum haft mikil áhrif á þróun svæða. Reynum að snúa þessu okkur í hag og nýta tækifærið og láta fylgja t.d. góðan boðskap um umgengni eða áhugaverðan fróðleik með færslum.

Heimasíða

Ný heimasíða leit dagsins ljós á alþjóðadegi landvarða en síðan skartar endurbættu útliti og reynt er að koma upplýsingum til félaga á skýran hátt sem og aðila sem vilja fræðast meira um starfið og félagið. Við erum að vinna í því að miðla upplýsingum um utanvegaakstur og réttindi landvarða.

Við munum halda áfram að þróa síðuna og tökum öllum ábendingum fagnandi!

www.landverdir.is

Utanvegaakstur

Mikil umræða og þörf hefur verið um utanvegaakstur á hálendinu í lok sumars enda komu upp þónokkur mjög alvarleg brot. Landvarðafélagið ræddi einnig við fjölmiðla um málið enda teljum við að átak þurfi hjá ferðaþjónustuaðilum eins og bílaleigum í fræðslu til ferðamanna. En einnig þarf að stika betur marga vegi Vegagerðarinnar og setja upp skýr skilti um að utanvegaakstur sé bannaður allstaðar.

Við höfum biðlað til félaga að senda okkur myndir af skemmdum í allskonar jarðvegi til að nýta í fræðsluefni. En markmið félagsins er að vinna í fræðsluefni um utanvegaakstur í vetur. Ef að þú lumar á góðri hugmynd til að hjálpa okkur að leysa þetta stóra verkefni þá hvetjum við þig að hafa samband.

Myndin er af facebook síðu Lögreglu, Norðulandi eystra.



Veturinn

Hautferð

Landmannalaugar
22.- 23. september

Hautferð Landvarðafélagsins er heitið í Landmannalaugar þar sem við munum gista eina nótt í skála Ferðafélags Íslands. Við leggjum af stað frá Reykjavík snemma á laugardagsmorgni og komum í Landmannalaugar um hádegðið. Þar kíkjum við í göngu með landverði og fræðumst um svæðið og ef til vill kíkja þeir sem vilja í laugarnar til að hlýja sér. Um kvöldið verður grill, gleði og gaman. Áætluð heimkoma er seinni part sunnudags.

*Verð fyrir meðlimi: 4500 kr. Verð fyrir aðra: 7000 kr.
Sendið póst með nafni (og takið fram hvort viðkomandi sé meðlimur í félaginu) fyrir 14. september á netfangið landverdir@landverdir.is til að skrá sig í ferðina.*

*Hlökkum til að sjá ykkur!
Skemmti- og fræðslunefnd Landvarðafélagsins*

Vetrardagskrá

Auk hautferðar verða skemmtilegir viðburðir á dagskrá félagsins í vetur og má þá nefna fræðsluferðir, heimsóknir, bjórkvöld og að sjálfsgöðu haustfagnað!

Könnun um aðbúnað

Könnun um aðbúnað landvarða verður sendur aftur út í lok september en með könnuninni viljum við skoða ánægju félagsmanna með aðbúnað á vinnustað og fylgjast með þróun mála. Einnig verður spurt út í nýjan vinnufatnað.

Sumarfréttablað 2018

Stjórn landvarðafélags Íslands

